

---

**Mótum framtíð**  
**Þjónusta við**  
**fötluð börn og fullorðna**  
**2007-2016**

**Saman-tekt og helstu niður-stöður**  
**á auð-skildu máli**



## Markmið, saman-tekt og helstu niður-stöður



### Inn-gangur

Hér eru sett fram á auð-skildu máli helstu niður-stöður stefnu-mótunar félags-mála-ráðu-neytisins í mál-efnum fatlaðs fólks og fjölskyldna þeirra.



Ráðu-neytinu fannst kominn tími til að endur-skoða þá hugmynda-fræði sem unnið hefur verið eftir, meðal annars vegna þess að 25 ár eru síðan hugmynda-fræðin kom fyrst fram í Lögum um aðstoð við Þroska-hefta.




Evrópu-ár fatlaðra 2003 var líka vett-vangur umræðna um mál-efni fatlaðs fólks. Markmið ársins var að vekja athygli á stöðu fatlaðs fólks.



Því má segja að hug-myndir í þessari skýrslu séu líka til komnar vegna Evrópu-árs fatlaðra.



Í september 2004 ákvað  
félags-mála-ráðu-neytið að  
stofna 6 starfs-hópa.



Í hópunum var fólk með reynslu og  
þekkingu á þjónustu við fatlað fólk.  
Leitað var til;

- 1) Notenda þjónustunnar
- 2) Aðstandenda þeirra sem hennar njóta
- 3) Starfs-manna

Í hópunum voru um 30 manns en mikið  
fleiri tóku þátt í hópa-starfinu  
á einn eða annan hátt.



Form-leg réttar-staða fatlaðs  
fólks er vel tryggð en það þarf  
að tryggja betur  
raunveru-legan rétt þeirra.



Allir stjórn-mála-flokkar, almenningur og  
vinnu-veitendur segja að mál-efni fatlaðra  
og fjölskyldna skipti miklu máli.

Rannsóknir á fötlun og fræði-leg um-fjöllun  
um fatlað fólk hefur eflst á Íslandi og skiptir  
það miklu máli fyrir fram-þróun.

Íslendingar eru rík þjóð og eiga því að  
vera í fremstu röð í mál-efnum fatlaðs fólks.




## Þjónustan í dag

Rúm-lega 2.000 manns njóta nú þjónustu vegna búsetu, atvinnu, hæfingu og ýmis konar stoð-þjónustu. Það eru um 0.7% lands-manna.



Gert er ráð fyrir að á næstu 5 árum aukist þessi fjöldi í 2.400 eða 0.8% lands-manna.



Af þeim sem fá nú þjónustu fá um 900 búsetu-þjónustu.

## Styrk-leikar og veik-leikar



### Styrk-leikar

Lög um mál-efni fatlaðra eiga að tryggja fötluðum jafn-rétti og sam-bærileg lífs-kjör á við aðra þjóð-félags-þegna og skapa þeim skil-yrði til þess að lifa eðli-legu lífi. Þessi mark-mið eru skýr og verða enn leiðar-ljós.



Þekking og menntun í mála-flokknum er traust, víð-tæk og eflist stöðugt. Sterk vitund er hjá starfs-fólki um virðingu gagn-vart fötluðum.



Þátt-taka notenda, sjálf-ræði  
og vald-efling eykst stöðugt.



Sterk hagsmuna-samtök eru  
mikilvæg.



Búsetu-þjónusta fyrir fatlað fólk  
á lands-byggðinni er víða góð.



Atvinna með stuðningi  
(AMS) hefur reynst vel til að  
finna fötluðu fólki störf á  
almennum vinnu-markaði.



Ýmis stoð-þjónusta er fyrir hendi.



## **Veik-leikar**

Of margir aðilar sjá um þjónustu við fatlað fólk. „Kerfið“ er of flókið og ábyrgðin óljós.

Þjónustan þarf að vera  
heild-stæðari og sveigjan-legri  
og miðast við þarfir hvers og eins.




Í þjónustu við full-orðið fólk þarf  
að virða betur sjálf-ræði og  
áhuga-svið þess.




Starfs-manna-velta er of mikil.



Fjöl-breyti-leiki í þjónustunni  
þarf að vera meiri.



Fjár-magn vantar, meðal annars  
til þróunar-verk-efna og  
rannsókna.




Stuðning skortir við foreldra  
þegar fatlað barn fæðist.



Bið-listar eru of langir eftir  
margs konar þjónustu.



Enn þá eru reknar al-tækar  
stofnanir og herbergja-sambýli.



Fólk á vinnu-stöðum fatlaðra nýtur ekki sömu  
réttinda og annað launa-fólk.

## Aðal-markmið fyrir árin 2007-2016

### Árið 2016:

- Búi allt fatlað fólk við sömu lífs-kjör og lífs-gæði og aðrir Íslendingar.



- Verði fag-leg þekking og færni starfs-fólks á Íslandi eins og best gerist í Evrópu.



- Verði gæði þjónustunnar eins og best gerist í Evrópu.




## Mark-mið á einstökum mála-sviðum

### Almennt

Á árunum 2007-2009 á að breyta lögum og reglu-gerðum í samræmi við þessa skýrslu.



Á árunum 2010-2011 verði megin-hluti þjónustu við fatlaða kominn til sveitar-félaga.



Fatlað fólk njóti almennrar  
félags-þjónustu og  
heil-brigðis-þjónustu. Auk þess sé  
í boði öflug sértæk sál-fræðileg  
ráðgjöf, félags-ráð-gjöf,  
þroska-þjálfun og iðju-þjálfun.




Lið-veisla til frí-stunda og  
fjöl-breytileg ferða-þjónusta verði í  
boði.



Á árunum 2006-2010 verði þjónusta fyrir  
fólk með geð-fötlun full-nægt.

## Börn og fjölskyldur




Ábyrgð á þjónustu við fötluð börn og fjölskyldur þeirra sé sam-hæfð hjá einum þjónustu-aðila í heima-byggð í sam-ráði við fjölskylduna.



Þegar þroska-röskun barns kemur í ljós skal þjónustu-aðili hafa frum-kvæði að því að kynna foreldrum hvaða þjónusta og stuðningur þeim býðst.

Í árs-lok 2008 verði bið-tími vegna greiningar ekki lengri en 6 mánuðir og ekki lengri en 3 mánuðir fyrir börn á aldrinum 0-6 ára.




Á árunum 2008-2010 verði komin greiningar-teymi út um allt land og að-gangur greiður að frum-greiningu í öllum lands-hlutum.



Stuðnings-þjónusta við fötluð börn og fjölskyldur þeirra verði bætt.



Fötluðum börnum verði tryggð heils-dags-þjónusta með viðveru eftir skóla-tíma og í skóla-hléum.






## Heimili og búseta

Árið 2010 búi flest fatlað fólk í þjónustu-íbúðum eða á eigin vegum, hvort sem það þarf lítinn eða mikinn stuðning.




Fatlað fólk eins og aðrir velji sjálfst hvar það býr og með hverjum.




Hús-næðið sé almenn eignar-íbúð, leigu-íbúð eða sérstök þjónustu-íbúð í almennu íbúðar-hverfi.

Einstaklings-bundnum þörfum íbúa sé mætt.



Í íbúðar-húsnæði með  
sam-eiginlegu rými eigi hver íbúi  
kost á því að halda sjálf-stætt  
heimili með nægi-legu einka-rými.



Velji fólk að búa með öðrum  
getur það valið sér  
sambýlis-fólk.



Frekari lið-veisla verði aukin verulega á  
næstu þremur árum.

Þróuð verði lið-veisla sem notendur stjórna  
og velja sjálfir starfs-fólk.




## Atvinna og hæfing



Réttur fatlaðra á vinnu-markaði verði hinn sami og annarra lands-manna.

Allt fatlað fólk fái tæki-færi til atvinnu eða annarra verka í samræmi við áhuga, styrk og hæfileika.



Ríki og sveitar-félög hvetji vinnu-veitendur til að ráða fatlað fólk til vinnu og móta sér stefnu í þeim efnum.



Stuðningur við fatlað fólk til atvinnu-leitar og atvinnu-þátttöku verði þar sem aðrir landsmenn fá slíkan stuðning.



Starfs-þjálfunar-stöðvar og hæfingar-stöðvar verði í nánum tengslum við almenna vinnu-staði.



Atvinna með stuðningi (AMS) og starfs-endur-hæfing verði eflid á næstu 2 til 3 árum.



Hægt verði að fá fjár-hagslegan stuðning til náms og til að skapa sér sjálf-stætt starf.

## Réttar-staða, réttinda-gæsla og sjálfs-efling




Skoðað verði hvort rétt sé að skilgreina  
jafn-réttis-hugtakið þannig að það nái  
einnig til jafn-réttis fatlaðs og ófatlaðs fólks.

Með lögum þarf að tryggja öfluga  
og virka réttinda-gæslu.




Fólki verði gert eins auðvelt og  
hægt er að fylgja eftir réttindum  
sínum og geti haft áhrif á allar  
ákvarðanir sem teknar eru því  
viðkomandi.



Fatlað fólk eigi greiðan aðgang að  
hvers kyns upp-lýsingum um það  
sjálft og réttindi sín.




Fatlað fólk eigi rétt á aðstoð við  
að þekkja réttindi sín og láta í ljós  
skoðanir sínar




Skýr ákvæði verði um réttinda-gæslu fyrir  
þá sem eiga erfitt með að meta hvort og  
hvenær réttur er brotinn á þeim.


Settar verði reglur um nauðung og þvingun.



Fötluðu fólki verði gefinn kostur á eigin tals-manni til að gæta hags-muna sinna



Ákvarðanir sem varða fatlað fólk verði ekki teknar nema í sam-ráði við það sjálft.



Fatlað fólk fái fræðslu um réttindi sín og skyldur og taki þátt í allri umræðu um sín mál.



Fatlað fólk verði eins oft og hægt er sjálft tals-menn í málum sem varða það sjálft. Frá árinu 2007 verði haldin nám-skeið til að auka getu þeirra til þess.



Fatlað fólk eigi eins og aðrir kost á fjölskyldu-lífi hver sem fötlun þess er.



Ráð-gjöf og stuðningur við sein-færa foreldra verði til reiðu eftir þörfum.



## Mótun við-horfa

Nokkuð áberandi er viðhorf með-aumkunar til fatlaðra. Með fræðslu þarf að leið-rétta það og styrkja stöðu fatlaðs fólks sem jafningja annarra í sam-félaginu.



Unnið verði skipu-lega að því frá árinu 2007 að kynna mál-efni þeirra sem búa við fötlun.



Það verði í sam-ráði og sam-vinnu við hagsmuna-samtök fatlaðs fólks og aðstandenda þess.



Komið verði á vef-svæði þar sem eru spjall-rásir og upp-lýsingar um fatlanir.





**Texti þessa bæklinga er unnin upp úr  
saman-tekt og helstu niður-stöðum  
Stefnu-mótunar  
félags-mála-ráðu-neytisins  
Mótum fram-tíð, þjónusta við fötluð börn og  
full-orðna 2007-2016.**

**Bæklingurinn var unnin af  
Friðriki Sigurðssyni, fram-kvæmda-stjóra  
Land-samtakanna Þroskahjálpa og  
Nínu Kjartansdóttur, þroska-þjálfara-nema  
veturinn 2007.**

*Land-samtökin Þroskahjálpa 2007*